

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorprehreinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 14.468 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 14.468 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpjald fyrirtækja greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 28.936 kr. á ári, sem er annars vegar 14.468 kr. í sorprehreinsunargjald og hins vegar 14.468 kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi (kr. 28.936), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 19.360 kr. á ári.

Fyrir sorp umfram þetta greiðist samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttoku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

| Móttökugjald | Kr. |
|---|----------------------|
| <i>Móttökugjald fyrir einstaka farma allt að:</i> | |
| 0,25 (1/4) m ³ | 0 |
| 0,50 (1/2) m ³ | 1.640 |
| 0,75 (3/4) m ³ | 2.460 |
| 1,0 m ³ | 3.280 |
| Óflokkað | Kr./kg m. vsk |
| <i>Blandaður úrgangur:</i> | 19 |
| Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnað ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum | |
| <i>Grófur úrgangur:</i> | 21 |
| Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler. | |
| Flokkað | |
| <i>Timbur:</i> | |
| Hvítmálað, plasthúðað og blandað | 18 |
| Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta) | 12 |
| Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi | 0 |
| Dagblöð/tímarit til endurvinnslu | 0 |
| Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju | 0 |

| | |
|---|----|
| <i>Málmar:</i> | 0 |
| <i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i> | |
| Umbúðir úr sléttum pappa | 0 |
| Plastumbúðir | 0 |
| Heyrúlluplast | 0 |
| Bylgjupappi | 0 |
| Hjólbarðar | 0 |
| Raftæki | 0 |
| Spilliefni (heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald) | 0 |
| <i>Annað:</i> | |
| Smádýrahræ, sláturúrgangur og fiskúrgangur | 13 |
| Fljótandi úrgangur (seyra) | 13 |
| Húsdýraúrgangur | 0 |
| Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefní eða til landmótunar á urðunarstað) | 13 |

Íbúar geta skilað allt að $\frac{1}{2}$ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfjrálst. Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir $\frac{1}{4} \text{ m}^3$ bera lágmarksgjald kr. 2.645. Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjalddagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 11. desember 2019, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 1379/2018.

Vopnafirði, 11. desember 2019.

Pór Steinarsson sveitarstjóri.